

Ed.

410. Frumvarp til laga

[213. mál]

um þroskaþjálfna.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem þroskaþjálfari hér á landi og kalla sig þroskaþjálfna hefur sá einn, er til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. grein má aðeins veita þeim, sem lokið hafa prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands (áður Gæslusystaskóli Íslands).

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands, þar sem námið er stund- að. Áður en leyfi er veitt skv. þessari málsgrein skal leita umsagnar Félags þroskaþjálfna og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

3. gr.

Þroskaþjálfar starfa við þjálfun, uppeldi og umönnun þroskaheftra.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til þroskaþjálfastarfa aðra en þá, sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

5. gr.

Þroskaþjálfna ber að þekkja skyldur sínar viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða þroskaþjálfun.

6. gr.

Þroskaþjálfna er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

7. gr.

Um þroskaþjálfna gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur lækna- laga nr. 80 23. júní 1969 með áorðnum breytingum. Reglur lækna- laga gilda m. a. um sviptingu og endurveitingu starfsréttinda, og um refsingu vegna brota þroskaþjálfna.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Félags þroskaþjálfna og er það að mestu leyti byggt á tillögum félagsins. Frumvarpið er efnislega mjög svipað þeim lögum, sem sett hafa verið á undanförunum árum um hinar einstöku heilbrigðisstéttir. Má hér sem dæmi nefna lög nr. 41/1975 um félagsráðgjöf.

Fyrir nær tuttugu árum var settur á laggirnar svonefndur Gæslusystaskóli Íslands og starfaði hann við Kópavogshæli. Með reglugerð sem öðlaðist gildi 1972

var nafni skólans breytt í núverandi horf þ. e. a. s. Þroskaþjálfaskóla Íslands, og með lögum nr. 53/1977 var heiti skólans lögfest.

Skipulagt nám í þroskaþjálfun er tiltölulega ungt hér á landi, eða tuttugu ára. Á þessum tuttugu árum hefur starfsvið þroskaþjálfna tekið örum breytingum enda hafa framfarir í þessum málum orðið örar hér sem annars staðar á þessum tíma. Á fyrstu árum var fyrst og fremst litið á þroskaþjálfna sem aðhlyningar- og hjúkr-unaraðila. Nú er aftur á móti litið á þroskaþjálfna jafnt sem uppaldur og aðhlynnendur. Þroskaþjálfar hafa hvorki lögverndað starfsheiti né lögvernduð starfs-réttindi, þannig að hver sem er getur stundað þau störf, sem þroskaþjálfar eru sérstaklega menntaðir til. Við slíkt ástand verður ekki unað til lengdar, þar sem störf þroskaþjálfna eru mjög vandasöm og ekki á færi annarra en þeirra, sem til þess hafa fengið sérstaka þjálfun og menntun. Uppeldisstörf þroskaþjálfna eru fyrst og fremst fólgin í því, að þeim er ætlað að annast þá einstaklinga sem af öllum þegnum samfélagsins eru verst á sig komnir og sem aðrir hafa oft gefist upp á. Blandast engum hugur um það, að hér er um einstakt þolinmæðisverk að ræða.

Hjúkrunarstörf þroskaþjálfna eru fólgin í því að veita aðhlyningu, en eins og vitað er fylgir oft vangefni líkamleg sköddun og það oft á háu stigi.

Auk framangreinds eru störf þroskaþjálfna margslungin, m. a. fólgin í verkstjórn og forstöðu stofnana.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þessi grein er í samræmi við upphafsgreinar í öðrum lögum, sem sett hafa verið á undanförunum árum um margar heilbrigðisstéttir.

Um 2. gr.

Þroskaþjálfaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi, sem veitir menntun á þessu sviði og verður því að teljast eðlilegt að einungis þeir, sem lokið hafa prófi frá þeim skóla, fái sjálfkrafa starfsleyfi. Hið sama gildir einnig um þá, sem luku námi frá Gæslusyrstraskóla Íslands á sínum tíma en hann starfaði á árunum 1958 til 1972 er nafni skólans var breytt með reglugerð. Á hinum Norðurlöndunum og reyndar víðar eru starfræktir skólar með svipuðu sniði og Þroskaþjálfaskóli Íslands og verða margir þeirra að teljast jafngildir honum. Meta verður slíkt í hverju einstöku tilviki. Þess vegna er sett það skilyrði að leitað verði umsagnar Félags þroskaþjálfna og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Um 3. gr.

Þroskaþjálfar eru eina starfsstéttin hér á landi, sem menntuð er til þess að þjálfna, ala upp og veita þroskaheftum umönnun. Er því eðlilegt, að þroskaþjálfar starfi með þroskaheftum einstaklingum, hvar sem þeir dveljast. Þroskaþjálfar eru ennfremur eina stéttin, sem menntuð er hér á landi sérstaklega til þess að veita stofnunum fyrir þroskahefta forstöðu, þar sem Þroskaþjálfaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi, sem veitir markvissa kennslu í uppbyggingu og starfsemi slíkra stofnana.

Um 4. gr.

Rétt er að leggja áherslu á mikilvægi þess, að einungis þeir, sem til þess hafa menntun, annist þroskahefta einstaklinga og vísast til þess sem segir hér á undan um þetta í athugasemdum með frumvarpinu. Augljóst er, að þeir sem að þessum málum starfa verða að vera vel í stakk búinir, þar sem hlutverk þeirra er mjög vandasamt.

Um 5.—10. gr.

Þessar greinar eru samhljóða greinum í öðrum lögum, sem sett hafa verið um hinar ýmsu heilbrigðisstéttir á undanförunum árum, og þarfnast ekki frekari skýringa.